

Join Motion Pictures ehf.
Birkiholti 4
210Garðabær

Reykjavík, 25. mars 2021
UST202102-318/Þ.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Lónsöræfi

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Join Motion Pictures ehf., dagsett 17. febrúar 2021, um leyfi til kvikmyndatöku innan Lónsöræfa.

Lónsöræfi eru friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 141/1979. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi er háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku við Kollumúla, Illakamb, leið milli gilja, Leiðartungur og Stórhnausagil innan friðlandsins. Til stendur að mynda 25 hesta flytja menn og búnað milli staða. Sem hluti af leikmynd verða settar upp tjaldbúðir með 7 litlum tjöldum skammt frá muna Leiðartungnagils. Ráðgert er að tjöldin muni standa upp í 1-2 daga. Hnit með staðsetningu leikmyndar fylgdu með umsókn. Starfsmenn verkefnisins munu verða með hrífur og önnur verkfæri til að lagfæra rask á gönguleiðum verði það. Kvikmyndatökubúnaður og starfsfólk verður flutt með jeppum að Íllakambi en eftir það mun starfsfólk fara ferða sinna gangandi og bera búnaðinn að tókustöðum. Beitarland er af skornum skammti á þessum tíma árs og verður búið að flytja hey á svæðið áður en hrossinn verður flutt þangað. Er stefnt að því að flytja það samhliða árlegri ferð ferðafélagsins með vistir í Múlaskála. Sú leið sem hrossin munu fara verður ákveðin með aðstoð reynds hestafólks. Starfsmenn verkefnisins munu gista í Múlaskála. Að tókunum koma 35 starfsmenn og er ráðgert að tókurnar taki 5 daga á tímabilinu 14.-25. júní 2021.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Vatnajökulspjóðgarðs þann 1. mars 2021 vegna verkefnisins. Umsögn Vatnajökulspjóðgarðs barst þann 9. mars 2021. Í umsögn Vatnajökulspjóðgarðs kemur fram að þjóðgarðurinn leggst ekki gegn því að leyfið sé veitt en fer fram á að þess sé gætt að nægt fóður verði flutt á svæðið fyrir hrossin, afgangsfóður fjarlæggt, þess verði gætt að mynda ekki nýja stíga þar sem myndað er utan stíga, nýta núverandi stíga þar sem þess er kostur og að vel verði gengið frá svæðinu að tókum loknum.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa í för með sér neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins til lengri tíma litið. Til skamms tíma getur umferð hrossa leitt af sér rask ef farið er um óröskuð svæði. Stofnunin metur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar sé farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Join Motion Pictures fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku innan Lónsöræfa sbr. lýsingu hér að í 5 daga á tímabilinu 14.-25. júní 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanna Umhverfisstofnunar og Vatnajökulshjóðgarðs á svæðinu hvenær starfsmenn verkefnisins fara inn á svæðið og hvenær þeir yfirgefa það með að minnsta kosti tveggja sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Gæta skal þess að nægilegt fóður verði til staðar fyrir hrossin.
- Ganga skal frá heybirgðum með öruggum hætti svo það verði ekki fyrir hnjaski eða dreifist um svæðið. Fjarlægja skal umframbirgðir af svæðinu að tókum loknum.
- Áningarhólf hesta skal vera staðsett á ógrónu landi.
- Staðsetning heybirgða og áningarhólfs skal ákveðin í samráði við landvörð áður en farið er með það inn á svæðið.
- Þar sem þess er kostur skulu starfsmenn verkefnisins halda sig við núverandi stíga. Þar sem þörf er á að fara út fyrir núverandi stígakerfi og kindagötur skal tryggja að ekki myndist nýjar leiðir og afmá ummerki um athafnir utan stíga.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Matvælastofnunar þarf vegna notkunar dýra í tókunum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Eftirlit mun verða með kvikmyndatökunni.

Virðingarfyllst

Magnús Freyr Sigurkarlsson
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur